



Ásgerður Búadóttir.

Gerir veggteppi fyrir Norrænu menningarmála-skrifstofuna í Khöfn

ÍSLENSK listakona, Ásgerður Búadóttir, hefur verið ráðin til að gera veggteppi, sem setja á upp í fundarsal Menningarmálaskrifstofu Norðurlandanna að Snaregade 10 í Kaupmannahöfn. Í samtali við Morgunblaðið í gær sagði Ásgerður, að veggurinn, sem teppið ætti að fara á, væri ekki ýkja stór eða 6 metra breiður og sagðist hún hafa farið utan í sumar og skoðað aðstæður og í framhaldi af því sent forráðamönnum skrifstofunnar teikningar, sem þeir hefðu samþykkt. — Ég er í raun bæði bundin og frjáls, því ég er bundin af umhverfinu í fundarherberginu en að öðru leyti frjáls að því hvernig teppið verður, sagði Ásgerður.

Tilríðing þessa máls eru þau að á fundi stjórnar Menningarssjóðs Norðurlanda fyrir nokkru var ákveðið að verja allt að 50 þús. danskra króna til þess að kaupa listaverk handa Menningarmálaskrifstofunni í Kaupmannahöfn frá aðildarlöndum sjóðsins. Eftir athugun var talið heppilegast að velja eitt listaverk og ákveðið að leita eftir að fá gert veggteppi á Íslandi.

Þess má geta að í fundarsal Menningarmálaskrifstofunnar er stórt málverk eftir Ásgrím Jónsson, sem forstöðumaður Ásgrímssafns, frá Bjarnveig Bjarnadóttir, lánaði menntamálaráðuneytinu handa skrifstofunni.

Vilmundur Gylfason alpm.:

Annað hvort kúvendir stjórnin eða hún missir meirihlutann

VILMUNDUR Gylfason alþingismaður skrifar í gær kjallara-grein í Dagblaðið, þar sem hann fjallar um ríkismálin undir fyrirsögninni „Ferð án fyrirheits“.

Í greininni segir Vilmundur m.a.:

„Nánast allir gera sér þó ljóst, að stjórnin er byggð á siðferðilegum og efnahagslegum sandi. Stjórn, sem heldur áfram óbreyttri efnahagsstefnu fyrri ríkisstjórnar og stefnir í 50–60% verðbólgu á næsta ári er byggð á efnahagslegum sandi. Stjórn, sem afhendir framsóknarmönnum dómsmálaráðuneyti og þar sem umbætur til dæmis í skattsvikamálum hafa verið strikaðar út úr samstarfsyfirlýsingu á síðustu stundu er byggð á siðferðilegum sandi. Framsóknarfyrirbætur leggur langar leiðir. Annað af tvennu

gerist: Að þessi ríkisstjórn kúvendir frá því sem þegar hefur verið skráð á blað, eða hún missir þingmeirihluta fyrr en varir.

Lúðvík Jósepsson heldur því fram, að Alþýðuflokkurinn sé þverklöfinn. Þeir þingmenn Alþýðuflokksins greiddu atkvæði gegn þessu samstarfi. Tveir þingmenn Alþýðubandalagsins í jafnstórum þingflokki greiddu einnig atkvæði gegn og einn sat hjá. Það virðist ekki skipta máli. Þar er enginn klöfningur. Þessu er Lúðvík að segja frá.“

Og undir millifyrirsögninni Af hverju á móti? segir Vilmundur: „Alþýðuflokkurinn vann í vor mesta kosningasigur í sögu lýðveldisins. Því er ekki að neita að sá kosningasigur hefur illilega forklúðrast nú um sinn. Hann hefur forklúðrast sennilega fyrst

og fremst vegna þess að okkar foringi var of heiðarlegur, kurteis og bláeygur til þess að eiga pólitísk viðskipti við Ólaf Jóhannesson og Lúðvík Jósepsson, leifarnar af pólitísku kerfi, sem er að ganga sér til húðar. Í allt sumar og allt þar til stjórnin var mynduð var meðal annars um það deilt, hvort og með hverjum hætti ætti að láta baráttu gegn verðbólgu hafa forgang og fórna þá öðrum markmiðum. Þetta var augljóst áhugamál Alþýðuflokksins og í beinu framhaldi af málflutningi fyrir kosningar. Lúðvík hafði ekki áhuga — og Ólafur Jóhannesson ekki heldur. Endirinn varð þó sá, að ekki varð þetta fest á blað, en Steingrímur Hermannsson og Ragnar Arnalds gáfu munnlegt loford fyrir því, að þetta yrði bókað sem stefna ríkisstjórnar-

innar á hennar fyrstu fundum. Kjartan Jóhannsson lýsti þessu lofordi á flokksstjórnarfundum Alþýðuflokksins og sagðist taka það gilt. Það er mál út af fyrir sig að taka við munnlegum lofordum eftir það sem á undan er gengið. Aðrir þingmenn Alþýðuflokksins settu fyrirvara um að þetta loford stæði. Lúðvík er galvaskur að vanda. Ekkert slíkt loford hefur verið gefið. Ragnar Arnalds er ómerkur orða sinna.

Það eru þessi vinnubrögð sem eru með þeim hætti, að ógeðfæld má kalla. Stjórnarmyndunarviðræðurnar hafa allar verið í þessa veruna. Bláeygir karlar hafa treyst einhverju sem óljóst má kalla heiðarleika og samstarfs-vilja. Hínum megin við bordið sitja Lúðvík Jósepsson og Ólafur Jóhannesson.“

Um helmingur nemenda vinnur meira en 40 stundir á viku

MEÐALVINNUÁLAG Í 4 efstu bekkjum grunnskóla er, samkvæmt könnun sem gerð hefur verið á vegum menntamálaráðuneytisins á vinnuálagi í skólum, 41,4 stundir á viku í skólum þéttbýlis en 45 stundir á viku í heimavistarskólum dreifbýlis.

Þessi tími er saman settur af kennslustundum á viku að frágæmum frímínútum, heimanámstímanum og þeim tíma, sem nemandinn notar í ferðir milli dvalarstaða og skóla á viku. Meðalvinnuálagið er 47,6 stundir á viku í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, 44,4 stundir á viku í menntaskólum, 46,9 stundir á viku í lönnskóla Hafnarfjarðar, 54,2 stundir á viku í Vélaskóla Íslands og 51,8 stund á viku í Tækniskóla Íslands.

Könnunin var gerð vorið 1974, og hafa ber í huga að síðan hafa grunnskólalög komið að verulegu leyti til framkvæmda og ýmsar breytingar orðið á starfsháttum framhaldsskólanna. Með t.d. nefna að aðeins einn áfangakerfisráðgjafi

var þá starfandi í landinu. Menntaskólinn í Hamrahlíð, en síðan hafa verið stofnaðir fjölbrotaskólar, eins og bent er á í fréttabréfi menntamálaráðuneytisins; þar sem sagt er frá niðurstöðu skýrslunnar, sem Hrafnhildur Ragnarsdóttir hafði með höndum í fyrstu, en Atli Guðmundsson, sálfræðingur, tók svo við og lauk endanlega í júlí sl.

Meðaltölín verður að meta bæði með tilliti til þess hver dreifingin er hjá nemendum hvers skóla og hvert framlag hvers þáttar í vinnuálagi fyrir sig er, segir þar.

Breytileiki vinnuálagsins er langmestur milli tegunda skóla. Einnig er hann nokkuð mikill milli bekkja hvers skóla. Dreifingin innan bekkja er töluverð, og er algengast að meirihluti (60–70%) nemenda sé á bilinu 5–6 stundir ofan og neðan við meðaltal. T.d. er 70% nemenda í grunnskólum í þéttbýli á bilinu 35,4–47,4 stundir á viku.

Þegar meta á vinnuálagið sem slíkt er nauðsynlegt að taka mið af þeim viðhorfum og þeim gildum sem ríkja í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Í kjarasamningi fjármálaráðherra og B.S.R.B. frá 1. apríl 1976, segir að vinnutími allra ríkisstarfsmanna skuli vera 40 stundir á viku. Í 44. grein grunnskólalaga frá 1974 segir að við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skuli þess gætt, að hann fari í heild sinni (kennslutími, stunda-hlé og sjálfstími utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Þar segir einnig að vikulegur kennslutími á hvern nemanda í 7.–9. bekk grunnskóla skuli vera sem næst 1440–1480 mínútum eða 24–24,67 stundir á viku. Ekki er þar tekið fram hvert skuli vera heildarvinnuálag nemenda í klukkustundum á viku. Það er því varla hægt að miða við neitt annað en löggiltan vinnutíma, þó deila megi um það hvort það sé „hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska“.

U.þ.b. helmingur nemenda í úrtaki könnunarinnar vinnur meira en 40 stundir á viku, og eru þá ferðir meðaltal. Þetta hlutfall er mjög breytilegt eftir tegundum skóla. 30,2% nemenda í grunnskólum í þéttbýli hafa meira en 40 stunda vinnu á viku en 68,2% nemenda í dreifbýli.

Í sérskólum er vinnuálagið miklu meira. Í Vélaskóla Íslands eru það tæp 90% nemenda sem vinna meira en 40 stundir á viku og í

Tækniskólanum er þessi fjöldi svipaður eða 85%. Í þessum skólum er meðalvinnuálagið yfir 50 stundir á viku.

Fyrir aðra skóla úrtaksins er hundradshluti þessi: Framhaldsdeildir gagnfræðaskóla 55%, menntaskólar 42,1% og lönnskólar 60%.

Kennslutíminn er nokkuð jafn í bekkjum þeirra skóla sem könnunin nær til, eða nálægt 30 stundum á viku. Tíminn í ferðir er einnig nokkuð jafn eða 3–4 stundir á viku, sem gerir u.þ.b. 20 mínútur í hverja ferð tvisvar á dag 5 daga vikunnar. Orsökina fyrir mjög misjöfnu vinnuálagi er því að finna í mjög breytilegum tíma sem nemendur verja til heimanámsins. T.d. er vinnuálag miklu meira í heimavistarskólum í dreifbýli en í grunnskólum í þéttbýli vegna þess að þar er heimavinnan miklu meiri.

Nemendur grunnskóla nota 1–2 tíma á dag í heimanám og nemendur menntaskóla 1½–2

tíma á dag. Heimavinna er áberandi miklu meiri í 9. bekk grunnskóla en í hinum bekkjum þeirra. Í sérskólum er þessi tími að meðaltali 2–3½ stund á dag. Þessi tími er að sjálfsögðu nokkuð breytilegur milli einstaklinga hvers bekkjar. Sumir læra ekki neitt, en aðrir nota 6–7 tíma á dag í heimalærdóminn.

Aðstaða til heimavinnu er yfirleitt mjög góð hjá nemendum úrtaksins, tæplega 80% þeirra segja að hún sé mjög góð eða fremur góð. 12,4% segja að hún sé fremur slæm, og 3,77% að hún sé slæm. Bendir samanburður til að aðstaðan sé verst hjá þeim nemendum er dvelja í leiguhúsnæði. Í fréttinni segir að yfirleitt gæti ekki mikillar þreytu hjá nemendum vegna námsins. Meirihluti þeirra er sjaldan þreyttur eftir skólann og getur haldið nokkuð lengi áfram með heima-vinnuna án þess að þreytast. Þreyta er nokkuð áberandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð, Myndlista- og handiðaskólanum og Lindargötuskóla.

um um lög- ararasamninga

verði hrundið í framkvæmd með löggjöf strax á þessu hausti.

5. Um friðunaraðgerðir

Þar sem ríkisstjórnin hefur í samstarfsyfirlýsingu sinni m.a. boðað auknar friðunaraðgerðir fiskistofna leggur fundurinn á það þunga áherzlu, að þær ráðstafanir sem gerðar kunna að verða, verði í fullu samræði við samtök sjómanna.

Fundurinn skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að þegar gerðar eru friðunaraðgerðir fái sjómenn bætt launatap það er af hlýst, t.d. með greiðslum úr atvinnuleysisstryggingasjóði.

6. Um ráðstöfun gengishagnadar og verðlagsráð

Fundurinn krefst þess að sköpuð verði skilyrði til fiskverðshækkunar, sem tryggir sjómönnum viðunandi kjarabætur. Einnig að eðlileg

starfsemi Verðlagsráðs verði á engan hátt heft með lagabóði.


Fundurinn ítrekar fyrir kröfur samtakanna um endurskipulagningu fiskiðnaðarins svo honum reynist unnt að standa undir eðlilegu fiskverði og launagreiðslum starfsfólks.

Samtök sjómanna verði höfð með í ráðum við ráðstöfun gengis-munasjóðs.

7. Um endurskoðun vísitölu

Fundurinn tekur undir þá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að núverandi vísitölukerfi verði tekið til endurskoðunar, og lýsum okkur fúsa til að taka þátt í umræðum um það mál.

Virðingarfyllt,
f.h. FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBANDS
ÍSLANDS
Ingólfur Sig. Ingólfsson



Fékk trollið í skráfuna

TOGBÁTURINN Sæborg RE fékk trollið í skráfuna, þegar báturinn var á veiðum djúpt úti af Vestfjörðum fyrir nokkrum dögum. Varðskipið Þór kom bátnum til aðstoðar og dró hann inn á Önundarfjörð, þar sem skorðið var úr skráfunni. Þegar varðskipið var á leið til lands með Sæborgu, kallaði togarinn Krossvík í það og bað um aðstoð, en Krossvík hafði

einnig fengið í skráfuna, þar sem togarinn var að veiðum í Víkurál. Um leið og varðskipsmenn höfðu lokið við að skera úr skráfu Sæborgar, var haldið að Krossvík og var togarinn dreginn inn á Patreksfjörð og var þar skorðið úr skráfunni. Myndina tók Jón P. Ásgeirsson þegar verið var að koma taug á milli Sæborgar og Varðskipisins.